

Þórshöfn, 28. október 2024

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd
Hafnarnefnd
Skipulags- og umhverfisnefnd

Kæra nefndarfólk,

Í ljósi umsvifa og breytinga á hafnarsvæðinu langar okkur til að koma hugmyndum okkar á framfæri varðandi skipulagsmál á svæðinu sem um ræðir. Þar erum við með í huga fjöruna neðan við Hafliðabúð og svæðið þar nálægt, þetta svæði hefur gegnum tíðina almennt verið kallað **Sandurinn**. Þetta er vinsælt og fallegt útivistarsvæði sem börn og fullorðnir hafa nýtt sér, einnig hefur það aðdráttarafli fyrir ferðafólk.

Óskum við eftir því að við skipulagsvinnu verði tekið tillit til þessa svæðis svo það haldist áfram sem fallegur afþreyingarstaður, þetta má ekki taka af komandi kynslóðum en nefna má meðal annars að börnin sækja mikið í þetta svæði allan ársins hring, ekki síst um vor og sumar. Þetta er eina fjörusvæðið hér sem hægt er að fara fótgangandi til og er almennt paradís barnanna.

Svæðið þarf að skipuleggja með framtíðarsýn í huga og með tengingu við miðbæinn. Ef fyrirhuguð upptökubraut verður í krikanum eins og teikning af svæðinu sýnir þá rýfur hún þessa tengingu en við sjáum fyrir okkur greiða gönguleið frá smábátahöfn í miðbæ.

Á þessu svæði erum við einnig með hugmyndir, t.d. varðandi nýtingu Hafliðabúðar. Staðsetning hússins hentar vel sem tenging við **Sandinn**. Þar mætti hugsa sér ýmsa þjónustu/afþreyingu tengda hafinu, s.s. heitan pott, sturtuaðstöðu, sauna, kajakleigu, SUP-bretti og fleira.

Verði þessar hugmyndir að veruleika þá styrkist svæðið sem áningarstaður fyrir heimafólk sem og ferðafólk auk sem ný atvinnutækifæri verða til, einnig mun slík starfsemi hafa heilsuefandi gildi.

Óskum við eftir því að þetta erindi verði tekið formlega fyrir í þessum þremur nefndum sem bréfið er stílað á, þar sem málefnið snertir þeirra verksvið.

Virðingarfyllst,

Hilma Steinarsdóttir
Líney Sigurðardóttir